



Reykjavík, 6. júní 2024
VEL24040035

Skóla- og frístundaráð

Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um samanburð á líðan, ástundun og námsárangri barna í símalausum skólum og skólum sem leyfa símanotkun

Á fundi velferðarráðs þann 5. júní 2024 var meðfylgjandi tillögu fulltrúa Flokks fólksins um samanburð á líðan, ástundun og námsárangri barna í símalausum skólum og skólum sem leyfa símanotkun vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins lagði til að gerð verði könnun á líðan barna og námsástundun og árangri í þeim skólum sem hafa sett sér reglur um símalausan skóla annars vegar og hins vegar skólum sem leyfa notkun á sínum og niðurstöður beggja hópa bornar saman. Tillögunni er vísað áfram til skóla- og frístundaráðs. Hér er um mikilvægt málefni að ræða og afar brýnt að hefja strax samanburðarrannsóknir á hvort finna mætti marktækan mun á líðan barna í þeim skólum sem sett hefur verið á sílabann. Þetta skiptir máli fyrir framhald á þróun þessara mála. Ef í ljós kemur að líðan og námsárangur barna eru marktækt betri í skólum sem hafa sett sílabann en barna þar sem farsímar eru að mestu leyfðir þá styður það enn frekar að viðhafa sílabann í grunnskólum. Eins og staðan er í dag er misjafnt hvaða reglur gilda um farsímanotkun í grunnskólum og það eitt og sér er ekki gott. Flokki fólksins finnst að skóla- og frístundasvið og velferðarsvið hefðu átt að beita sér með meira afgerandi hætti í þessu máli og setja miðlægar reglur um að inn í skólastofuna fari ekki farsími. Það er of mikið hik á sviðinu og hræðsla við að taka af skarið.

Það tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarasdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um samanburð á líðan, ástundun og námsárangri barna í símalausum skólum og skólum sem leyfa símanotkun, lögð fram á fundi velferðarráðs 5. júní 2024.

Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um samanburð á líðan, ástundun og námsárangri barna í símalausum skólum og skólum sem leyfa símanotkun

Tillaga um að gerð verði könnun á líðan barna og námsástundun og árangur í þeim skólum sem hafa sett sér reglur um símalausan skóla annars vegar og hins vegar skólum sem leyfa notkun á sínum og niðurstöður beggja hópa bornar saman. Grunnskólar hafa sett sér reglur um símanotkun, sumir um algert símabann. Mikilvægt er að kanna nú hvort hægt sé að mæla mun á líðan og námsárangri og námsástundun barnanna eftir að reglur voru settar og hvort börn í símalausum skólum séu að koma betur út en börn í skólum sem ekki viðhafa símabann.

Greinargerð:

Fulltrúi Flokks fólksins hefur ítrekað beitt sér í þessum málum og aðhyllist að banna eigi farsíma alfarið inni í skólastofunni þar sem sýnt sig hefur ítrekað að þeir valda nemendum truflun. Flokki fólksins finnst að skóla- og frístundasvið og velferðarsvið hefðu átt að beita sér með meiri afgerandi hætti í þessu máli og setja miðlægar reglur um að inn í skólastofuna fari ekki farsími. Þess í stað er skóla- og frístundasvið að bíða eftir niðurstöðum starfshóps á vegum barna- og menntamálaráðuneytisins sem nú er að störfum. Þessi mál eru borðleggjandi að mati Flokks fólksins. Það þarf bara að þora að taka ákvörðun enda hjálpar ekki bið eða annar vingulsháttur í máli af þessu tagi. Staðfest hefur verið með fjölda rannsókna og kannana að sími truflar einbeitingu nemenda í námi. UNESCO hefur kallað eftir því að blátt bann verði lagt við notkun snjallsíma í skólum. Eitt af hverjum fjórum ríkjum heims hefur nú þegar orðið við þessu. Stofnunin segir að símnotkun barna í skólum auki á lærdómserfiðleika, einelti og almenna vanlíðan. Margir eru uggandi yfir hversu háðir nemendur eru sínum. Það er útilokað að vera með óskerta athygli á námi og samskiptum í skólastofunni með símann í augsýn. Það er freistandi að skoða símann þegar hann lýsist upp eða gefur frá sér veikt píp.